

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðar- samþykktir í sveitum.

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

## 1. gr.

Í 8. gr. laganna komi orðið „vélanefnd“ á tveim stöðum í stað orðsins verkfæranefnd.

## 2. gr.

- a. Fyrir „allt að 3 millj. kr.“ í 9. gr. laganna komi: allt að 6 milljónum kr.
- b. Í stað orðsins „verkfæranefnd“ í sömu lagagrein komi: vélanefnd.

## 3. gr.

- a. Í stað orðsins „Verkfæranefnd“ í þyrjun 2. másl. 10. gr. laganna komi: Vélanefnd.
- b. Í stað tveggja síðustu málsgr. sömu lagagreinar komi:

Búnaðarfélag Íslands annast reikningshald sjóðsins og ávísar úr honum eftir tillögum vélanefndar ríkisins. Hvert samband heldur séreign sinni í sjóðnum. Fyrningarsjóðinn skal ávaxta í Búnaðarbanka Íslands. Þó er heimilt að ávaxta séreignir einstakra ræktunarsambanda í sparissjóðum eða bönkum, er starfandi eru á svæðum viðkomandi búnaðarsambands. Hvert ræktunarsamband skal senda Búnaðarfélagi Íslands skilagrein fyrir fyrningargjaldinu í lok hvers reikningsárs.

Heimilt er ræktunarsamböndum og félögum með samþykki Búnaðarfélags Íslands að hafa allt að helmingi fyrningargjaldsins í rekstri sínum gegn sýslu-ábyrgð og sömu vöxtum og innlánsvextir í Búnaðarbankanum eru.

Nú hefur ræktunarsamband ekki lagt í fyrningarsjóð svo sem lög og reglugerð mæla fyrir, og er þá stjórn Búnaðarfélags Íslands heimilt að halda eftir þeirri upphæð, sem vangreidd er, af jarðræktarstyrk þeim, sem greiða ber vegna jarðabóta í hlutaðeigandi ræktunarsambandi.

## 4. gr.

- a. Í stað orðanna „Verkfæranefnd ríkisins skal hafa eftirlit með“ í upphafi 11. gr. laganna komi: Vélanefnd ríkisins skal í samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands hafa eftirlit með.
- b. Í stað orðanna „að dómi verkfæranefndar“ í sömu lagagrein komi: að dómi vélanefndar.

## 5. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Búnaðarfélag Íslands og vélanefnd ríkisins skulu halda námskeið fyrir þá menn, er eiga að vinna með vélknúnum jarðvinnslutækjum, enda hafa þeir menn einir

rétt til að vinna með slíkum tækjum, sem eru viðurkenndir til þess hæfir af véla- **62**  
nefnd ríkisins. Kostnaður samkvæmt 11. og 12. gr. greiðist úr ríkissjóði. 25. maí

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 25. maí 1950.*

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.

Þórður Eyjólfsson.

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

## L Ö G

**63**

25. maí

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lánveitinga til Sogs- og Laxárvirkjana  
og til lántöku vegna sömu fyrirtækja.

### HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki  
voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að lána Sogsvirkjuninni og Laxárvirkjuninni í Þing-  
eyjarsýslu allt að 2 millj. Bandaríkjadollara af framlögum frá efnahagssamvinnu-  
stjórninni í Washington með þeim skilmálum, sem ríkisstjórnin telur nauðsynlega,  
og gegn þeim tryggingum, er hún tekur gildar.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka allt að 26 millj. króna lán eða jafnvirði þeirrar  
fjárhæðar í erlendri mynt og endurlána Sogsvirkjuninni og Laxárvirkjuninni, allt  
með þeim kjörum, er ríkisstjórnin ákveður, og gegn þeim tryggingum, er ríkisstjórnin  
tekur gildar.

Lánveiting til Laxárvirkjunar er þó bundin því skilyrði, að samningar um sam-  
eign og framkvæmd viðbótarvirkjunar Laxár takist milli ríkisstjórnarinnar og Akur-  
eyrarbæjar á sama grundvelli og samið hefur verið milli ríkisstjórnarinnar og Reykja-  
víkurbæjar um viðbótarvirkjun Sogsins.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 25. maí 1950.*

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.

Þórður Eyjólfsson.

(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*